

Ferðalag til Hereford á Englandi til að undirbúa umsókn um Leonardo da Vinci Transfer of Innovation verkefni. Jóhannes Árnason.

VMA fékk styrk hjá Leonardo skrifstofunni á Íslandi til að undirbúa þessa umsókn, þ.e. að fara í preparatory visit til að vinna að umsókninni. Ákveðið var að Jóhannes Árnason myndi fara og hitta Philip Broomhead sem vinnur hjá Riverside Training í Hereford á Englandi.

Föstudagur 14. janúar 2011.

Ferðin hófst um kl. 15.30 á Akureyri þegar Sólveig ók mér á Akureyrarflugvöll. Flugvélin fór af stað kl. 16.10 og lenti eftir mjög þægilega ferð um kl. 16.45 í Reykjavík. Það var eins og að koma í annað land. Á Akureyri var 1 m af snjó en ekki snjókorn í Reykjavík. Ég labbaði á Sóleyjargötu frá flugvöllinum. Það var ágæt ganga, lítil gola og hitinn um 3 – 5 °C. Ég hringdi í Inga Rúnar Jónsson fiskifræðing sem ég var með í líffræði. Hann náði í mig og ég fékk að borða hjá þeim, góðan ofnbakaðan lax. Ingi skutlaði mér aftur á Sóleyjargötuna.

Laugardagur 15. janúar 2011.

Ég vaknaði um kl. 4.30 og var kominn á BSÍ um kl. 5.15 og keypti rútumiða til Keflavíkurflugvallar. Rútan skilaði mér á völinn rétt um kl. 6.00. Innritun var lokið í tölvunni og brottfararspjaldið útprentað heima þannig að það var ekkert eftir nema að skilja farangurinn eftir. Svo var kaffi og smá friðhöfn. Þotan fór af stað kl. 8.00 á réttum tíma til Manchester. Á leiðinni las ég tilöguna um verkefnið og fleira. Við lentum á Manchesterflugvelli um kl. 10.40. Það gekk mjög hratt að fara í gegnum flughöfnina og ná farangrinum. Ég fór eftir yfirbyggðum gangi yfir á lestarstöðina og var kominn þar löngu áður en ég átti pantað far með lestinni til Crewe og svo áfram til Hereford. Ég átti að fara kl. 15.55 en fór af stað 12.55. Ég þurfti að skipta um lest í Crewe og lestin til Hereford átti að fara þaðan kl. 16.08. Ég var kominn uppúr kl. 13 og þar voru margir lögregluþjónar vegna þess að Crewe var að fara að spila við Port Vale. Ég fór á veitingastað/krá til að fá mér hádegisverð. Það var 5 mín gangur frá lestarstöðinni. Á móti mér komu margir gangandi, karlar í meirihluta og á kránni var mjög þröngt þar sem verið var að undirbúa fótboltaleikinn í Crewe.

Ég tók góðan tíma í matinn og fór svo aftur á lestarstöðina og fylgdist dálítið með öllum þessum fótboltaáhugamönnum. Það sást í áhorfendastúkuna frá lestarstöðinni.

Ég fék leyfi hjá umsjónarmanni í lestinni til að fara klukkutíma fyrr frá Crewe kl. 15.08. Þetta var mjög þægileg ferð, mjög fáir í lestinni og allt á réttum tíma. Ég var kominn til Hereford sem er nálægt Wales rétt fyrir kl. 18.

Hereford er lítil borg/bær, þar búa nálægt 55,000 manns. Þar hefur verið borg í margar aldir. Eldgömul Cathedral og önnur gömul hús. Ég labbaði með töskuna í eftirdragi frá lestarstöðinni að Aylestone Court Hotel, auðveldur 10 mín gangur. Aylestone Court Hotel er lítið hótél. Húsið var áður ríkt heimili læknis. Það lítur að ýmsu leyti út fyrir að vera gamalt mansion. Inni er allt mjög mikið gert til að gera það heimilislegt með gömlum húsgögnum og myndum og ýmsu.



Í Alfreda herberginu á Aylestone Court Hotel.

Herbergið heitir Alfreda og er á annarri hæð.

Ég kom mér fyrir og fór svo í göngu í bæinn. Rétt hjá hótelinu eru stórverslanir m.a. Morrisons. Þeir áttu samt ekki símakort. Ég labbaði svo áfram eftir aðalgötuni að gamla bænum og fékk mér einn bjór og fylgdist með Arsenal slátra West Ham.

Um kvöldið var tölvupóstur og að lesa meira um verkefnið sem ég er að fara að vinna að.

Sunnudagur 16. janúar 2011.

Vaknaði um kl. 8.30 og fékk góðan morgunmat.

Svo var ég talsverða stund í herberginu og las og skrifaði. Úti var dálítill gola, hitinn um 8 – 10 stig og skýjað.

Um kl. 11 fór ég út og labbaði í miðbæinn. Fór aðalgötuna í bæinn og gekk svo um göngugötur og að ánni Wye sem var brún á lit og greinilega dálítill vöxtur í henni. Ég leit í nokkrar verslanir og borðaði vel útlátinn hádegisverð á krá rétt hjá risastórri Cathedral í miðbænum. Hereford er greinilega stærsti bærinn, borgin á talsverðu svæði. Herefordshire er frekar dreifbýlt og Hereford er greinilega þjónustumiðstöð.



Á götu í Hereford.

Margar verslanir voru opnar á sunnudegi og talsverð traffík.

Mánudagur 17. janúar 2010.

Vaknaði um kl. 7 og tók mig til fyrir daginn. Þrýðilegur morgunmatur. Philip kom um kl. 8.30 og við ókum í gegnum bæinn. Það var talsverð umferð en hafði verið verri í útjaðri bæjarins áður en hann kom að hótelinu.



Búinn með hádegisverð á kránni.

<http://www.riverside-training.co.uk>

Riverside Training er fyrirtæki sem tekur við nemendum sem vilja vera í vinnustaðanámi til að ná sér í reynslu og réttindi. Þau geta sem sagt fengið skírteini um menntun á mörgum sviðum án þess að vera í skóla. Það eru starfsmenn Riverside – Training sem taka við umsóknum nemenda um að fá að fara í ákveðna starfsgrein og vinna sem lærlingar á lágu kaupi í fyrirtæki.

Starfsmenn Riverside kallast assessors / matsmenn og útbúa samkomulag milli fyrirtækisins og nemandans um að nemandinn fái þjálfun á vinnustaðnum og að þar eigi nemandinn að ljúka ákveðnum einingum í því fagi. Matsmaðurinn (frá Riverside) kemur öðru hverju og ræðir við nemandann og fylgist með honum við störf og leggur mat á frammistöðu nemandans.

Nemandinn fær líka verkefni eða spurningar sem á að svara/leysa og matsmaðurinn fer yfir úrlausnir og metur þær og gefur endurgjöf. Þegar náminu er lokið fær nemandinn skírteini um það og hættir sem lærlingur.



Inni á skrifstofu Riverside Training.

Riverside fær peninga fyrir hvern nemanda, mismikið eftir aldri og því prógrammi sem nemandinn er í. Nemandinn fær lærlingslaun (lágmark 95 pund á viku) og í mörgum tilfellum vinnu hjá fyrirtækinu í framhaldinu. Fyrirtækið fær vinnuafli frekar ódýrt. Við ræddum verkefni sem Philip hefur staðið að og tekið þátt í varðandi það hvernig má fá vinnuveitendur til að taka að sér nemendur í vinnustaðanáám/apprentiship.

Við fórum og fengum okkar súpu í hádeginu í kirkju. Stór kirkja í miðbænum er orðin að kaffihúsi og veitingahúsi í einni álmu kirkjunni en samt er hún ennþá notuð undir athafnir. Við hittum eiginkonu Philips, Adele, og tvö börn, Edie sem er 18 mánaða og Tom sem á 4 ára afmæli í dag. Þau eiga líka Ben sem er 10 ára.

Við hittum líka Steven sem er einn af matsmönnum Riverside. Hann fór yfir ýmislegt varðandi það að vinna með vinnuveitendum. Við Philip notuðum dálítinn tíma til að fara yfir hluta af umsókninni, laga texta og slíkt.

Uppúr kl. 5 fórum við frá Riverside og stoppuðum í Hereford Technical College og í matvörubúð og svo heim til Philips í þorpi sem kallast Maund Bryan í Bodenham. Við stoppuðum þar í klukkutíma eða svo og fengum afmælisveislu. Philip og Adele búa í 200 ára gömlu cottage og eru búin að fá leyfi til að byggja við.

Við fórum svo á krá sem kallast Englands Gate og fengum okkur kvöldverð og svo skutlaði hann mér á hótelið.

Þriðjudagur 18. janúar 2011.

Vaknaði kl. 7.00 eftir að hafa sofið algerlega eins og steinn. Rúmið er nokkuð hart en gott og ágæt sæng og lak. Alls voru 10 púðar og koddar í þessu tvíbreiða rúmi. Ég fór í morgunmat og lauk við að taka allt til í töskurnar. Ég borgaði gistinguna og fékk að skilja töskuna eftir á hótelinu og náí hana þegar ég færi á lestarstöðina um kvöldið. Svo labbaði ég í gegnum miðbæinn að Riverside – Training og var kominn þar rétt fyrir kl. 9.00. Það var alveg heiðskírt og sólin að koma upp. Það hafði komið ísing á bílrúður en allt var að þorna og bærinn var mjög snyrtilegur. Hereford er mjög snyrtileg lítil borg. Þar eru nánast engin háhýsi, kirkjuturnarnir skaga langt uppúr öðru. Ég var reyndar aðallega í gamla hlutanum en sá ekki hærri hús en líklega fjögurra hæða.



Inni í Hereford Cathedral.

Við Philip héldum áfram að vinna að umsókninni. Við fórum yfir þá umsókn sem hann hafði lagt inn árið áður en verið hafnað og breyttum sumu en héldum í margt. Í hádeginu fórum við í dómkirkjuna (Hereford Cathedral) og fengum okkur aftur súpu. Ég minntist á það við Philip að við værum að fara í hádeginu í kirkjur. Þessi Cathedral er eldgömul. Þar eru merkilgeir munir, annars vegar svokallað Mappa Mundi sem er kort gert á kálfskinn og sýnir veröldina en þó ekki sem áreiðanlegt kort því ómögulegt er að sjá legu landanna

vera eitthvað í samnræmi við nútíma kort. Það er heilmikil texti á þessu korti og ýmis nöfn á stöðum og mönnum. Kortið er talsvert miðað við biblíuna og Eftir matinn vorum við aðallega að vinna með heildardagskrá verkefnisins, hvar við myndum halda fundi og slíkt og svo með peningamálin og búa til áætlanir um kostnað. Við hættum að vinna í umsókninni um kl. 17 og þá kvöddumst við. Ég labbaði í gegnum bæinn og fékk mér bakaða kartöflu og bjór áður en ég fór á hótelið að ná í töskuna. Svo var að fara á brautarstöðuna, um 10 mínútna ferða með því að bíða talsvert á umferðarljósum. Það var mikil umferð út úr bænum.



Hereford Cathedral.

Lestin kom og ég um borð og hún fór frá Hereford nákvæmlega kl.18.55. Það var orðið koldimmt og fór að dimma um kl. 18.

Þetta eru mjög snyrtilegar lestir og þægilegar, ekki neinar sérstaklega hraðfara lestir en mjög þægilegur fararmáti. Ég dundaði við að vinna í fartölvunni.

Ég kom til Wilmslow og skipti um lest og þaðan var örstutt ferð til Manchester flugvallar. Ég var kominn þar stuttu eftir kl. 21. Fékk mér leigubíl mjög stutta leið að litlu og frekar frumstæðu hóteli sem kallast The Airport Hotel. Það er greinilega aðallega krá en nokkur herbergi uppi. Ágætt rúm en ekki snyrting á herberginu og allt frekar gamalt. Borgaði bara 25 pund fyrir og svaf vel.

Miðvikudagur 19. janúar 2011.

Vaknaði um kl. 7.30 og át það sem ég hafi tekið með mér á herbergið, fór niður og greiddi og labbaði svo með töskuna í eftirdragi að flugvallarbyggingunni. Þetta var um 15 mínútna ágæt gönguferð.

Veðrið var gott, nokkurra stiga hiti, líklega þó innan við 5°C og ennþá var nánast þoka eða mjög þunn lágskýjahula. Það hefur líklega horfið seinna um daginn.

Svo var bara að innrita sig og allt það á flugvælinum. Þetta er ágætur flugvöllur en allt frekar dýrt. Við fórum svo í loftið á nokkuð réttum tíma kl. 11.35 eða svo.

Flugið til Glasgow tók 45 mínútur og þar var stoppað í rúmar 45 mínútur þannig að við vorum að fara frá Glasgow um kl. 13.20. Frekar fáir voru í vélinni og ég sat einn í þriggja manna röð. Ég vann á fartölvuna á leiðinni og við lentum í Keflavík um kl. 15.30. Rúta til BSI og á innanlandsflugið. Ég athugaði hvort hægt væri að komast fyrr norður en það var engin vél fyrr en sú sme ég pantaði með. Við lögðum af stað til Akureyrar kl. 18.45 og lentum þar um kl. 19.30.

Eftirmáli / eftirþankar.

Það er mjög lærdómsríkt að vinna að svona umsókn. Við hefðum verið mjög lengi að útbúa svona umsókn frá byrjun. Betra hefði verið að vinna að þessu fleiri saman.

Vonandi gengur upp að ljúka við umsóknina og vonandi verður verkefnið samþykkt. JÁR